

WMA ályktar um rannsóknir með stofnfrumum

**Hávar
Sigurjónsson**


Alþjóðasamtök lækna, WMA, samþykktu ályktun varðandi stofnfrumurannsóknir á aðalfundi samtakanna í Nýju Delhi á Indlandi í október síðastliðnum. Ályktunin sætir tíðindum af tveimur ástæðum, annars vegar hefur WMA aldrei sent frá sér ályktun fyrr um þetta efni og hins vegar kom frumkvæði að ályktuninni frá siðfræðiráði Læknafélags Íslands. Jón G. Snædal, formaður siðfræðiráðs LÍ og fyrrverandi forseti WMA, lagði drögin að ályktuninni eins og hún kom upphaflega fram og fylgdi henni síðan eftir á aðalfundi WMA í Delhi.

„Ályktunin er eins almenn og hægt er að hugsa sér þar sem skoðanir innan WMA um þetta mál eru mjög skiptar og lagaumhverfi mjög ólíkt milli landa hvað þetta varðar,“ segir Jón í samtali við *Læknablaðið*.

„Við teljum það töluverðan árangur í sjálfu sér að WMA skuli hafa ályktað um þetta umdeilda málefni og þó ályktunin sé almenns eðlis þá felst í henni stórt skref. Við erum ennfremur mjög ánægð með að frumkvæðið skuli hafa komið frá íslensku læknasamtökunum.“

Í ályktuninni segir að ávallt skuli leitast við að nota stofnfrumur til rannsókna sem eru ekki úr fósturvísu, heldur naflastrengsblóði eða úr vefjum. Jón segir að þessar frumur hafi takmarkaðra rannsóknargildi en stofnfrumur úr fósturvísu. „Stofnfrumur úr til dæmis merg geta einungis orðið að blóðfrumum og ýmis tæknileg vandamál fylgja því að nota stofnfrumur úr naflastrengsblóði. Stofnfrumur úr fósturvísu er auðveldast að meðhöndla og þær geta eðlis síns vegna breyst í hvaða frumur sem er. Þar eru hins vegar skoðanir mjög skiptar og verður að taka tillit til lagalegra, siðferðilegra og ekki síst trúarlegra sjónarmiða.“

Í ályktuninni er hvatt til þess að siðferðileg sjónarmið skuli eftir föngum fylgja alþjóðlegum



„Við erum mjög ánægð með að frumkvæðið skuli hafa komið frá íslensku læknasamtökunum,“ segir Jón G. Snædal.

samþykktum. Viðurkennt er að ólíkir hópar hafi margvíslegar skoðanir á notkun stofnfrumna, sérstaklega úr fósturvísu, og hvatt er til þess að notkun þeirra skuli ávallt taka mið af gildandi reglum um rannsóknir á hverju svæði fyrir sig.

Þá er að lokum kveðið skýrt á um að engar rannsóknir með fósturvísu skuli fara fram án skriflegs samþykkis beggja gefenda erfðaefnisins sem skapaði fósturvísinn.

„Eitt lykilhugtökanna í þessari umræðu er virðing,“ segir Jón. „Virðing fyrir mannlegu fóstri og þeir sem eru hvað mest á móti notkun stofnfrumna úr fósturvísu til rannsókna beita þessum rökum. Við tókum upp þennan þráð og bentum á að þegar um er að ræða fósturvísu sem ræktaðir eru á rannsóknarstofu, og eru kannski ekki notaðir við að setja upp í leg, heldur geymdir í frysti um óákveðinn tíma þar til þeim er fargað felst í því viss óvirðing. Meiri virðing er fólgin í því að nýta fósturvísana í gagnlegum vísindalegum tilgangi.“